

Ed.

479. Nefndarálit

[144. mál]

um frv. til l. um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Stjórnarskrárnefnd hefur rætt frv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, BjörnJ, EggÐ og GTh, leggur til, að frv. verði samþ. Minni hl., HermJ og KK, mun skila sérstöku álit.

Tilgangur þessa frv. er að jafna kosningarréttinn meir en nú er og gera Alþingi Íslendinga réttari mynd af þjóðarviljanum. Miðar frv. að því að draga úr því mikla misræmi, sem er um áhrifavald byggðarlaga og stjórnmalaflokka í landinu á skipan Alþingis. Til þess að komast sem næst þessu marki virðist heppilegust leið og réttlátust að stækka kjördæmin, skipta landinu í nokkur kjördæmi með hlutbundnum kosningum og hafa auk þess þingsæti til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Er þessi tilhögun náskyld þeirri skipan, er um langan aldur hefur gilt hjá frændum okkar á Norðurlöndum, hinum traustu lýðræðisþjóðum, Norðmönnum, Svíum, Finnum og Dönnum, og gefizt vel.

Meiri hluti stjórnarskrárnefndar telur, að sú kjördæmaskipun og kosninga-tilhögun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, muni verða til verulegra umbóta frá því úrelta og ósamstæða skipulagi, sem vér nú búum við.

Alþingi, 5. maí 1959.

Gunnar Thoroddsen,
form., frsm.

Björn Jónsson,
fundaskr.

Eggert G. Þorsteinsson.